17.03 2020/1907253



AFSTÖÐUMYND 1:500

BYGGINGARLÝSING:

NORÐURHELLA 11 - Staðgreinir 66350110 - Landnúmer 204722

Hönnunarstjóri: Jón Hrafn Hlöðversson 260662-6519

ALMENNT:

Um er að ræða byggingu sem hýsa mun aðstöðu fyrir almenna verslun og þjónustu. Byggingin er einn matshluti. Byggingaraðili er Eykt ehf.

Byggingin er á einni hæð. Á hæðinni er gert ráð fyrir léttri atvinnustarfsemi, aðstöðu fyrir starfsfólk, þ.m.t. snyrtingu , kaffistofu og móttöku.

Aðgengi:

Allt aðgengi skal vera samkvæmt gildandi byggingarreglugerð. Allir þröskuldar í útihurðum skulu ekki vera hærri en 25 mm. Allar innihurðar verða án þröskulda.

Snúningsradíus fyrir hjólastóla verður min. 750 mm og ljósop hurða min. 830 mm. Aðkoma slökkviliðs kemur fram á afstöðumynd.

Bruttóstærðir:

Botn:		91,2 m²
1.hæð:	456,0 m² -	3.297,0 m³
Alls:	456,0 m² -	3.388,2 m³
Lóðarstærð / nýtingarhlutfall:		2.139,4 m² / 0,21

BYGGINGAR OG EFNISLÝSING:

BURÐARVIRKI:

TÓV Verkfræðistofa ehf hannar burðarvirki.

Byggingin verður grunduð á fyllingu sem stendur á burðarbæfum botni. Undirstöður og botnplata verður staðsteypt. Útveggir verða úr forsteyptum samlokueiningum. Þakplata verður úr forsteyptum holplötum með 70 mm ásteypulagi. Byggingin verður í flokki A fyrir.

Einangrun:

Gólfplata byggingarinnar er einangruð með t.d. 100 mm polystyren einangrun. Útveggir byggingarinnar eru eins og fyrr segir byggðir úr forsteyptum samlokueiningum. Einangrun milli samloka er 100 mm polystyren einangrun. Þak er einangrað með 250 mm harðpressaðri steinullareinangrun.

Allt húsnæðið fellur undir kröfur til U-gilda um hús með innihita Ti yfir 18°C.

Leyfilegar kólnunartölur fyrir byggingahluta eru eftirfarandi.

Þak:	0,20 W/m2 K
Útveggir:	0,32 W/m2 K
Gluggar:	1,66 W/m2 K
Hurðir:	1,70 W/m2 K
Gólf á fyllingu:	0,30 W/m2 K

Vegið meðaltal kólnunartalna skal vera undir 0,80 W/m².

Yfirborð útveggja og þaks:

Yfirborð byggingarinnar er úr forsteyptum steypueiningum. Hluti útveggja er klæddur lárétt liggjandi smábárukláðningu í fl.1. Yfirborð þaks byggingarinnar er klætt með difluðum PVC þakdúk í flokki T. Þakhalli er 1:40.

Yfirborð gólfa:

Gólffletir eru almennt málaðir með epoxy, vélslípaðir eða með öðrum viðeigandi gólfefnum.

Innveggir:

innveggir byggingarinnar eru ýmist úr létt hleðslusteini eða úr gifsi. Þar sem gifs er í votrýmum er notað rakaþolið gifs byggt eftir viðurkenndu gifsveggjakerfi. Allir innveggir verða að standast þær hljóð og brunakröfur sem hönnuðir ákveða.

Litir:

Helstu litir byggingar eru eftirfarandi:

Útveggir: Ómáláðir - sléttur steypulitur, að utan og innan.

Báruklæðning: Samlit gluggum - RAL 7016. dökkgrár.

Gluggar og hurðir inni/úti: RAL 7016, dökkgrátt.

Innveggir: RAL 9010, hvítir.

Gluggar og hurðir:

Allir gluggar, hurðir og glerfrontar eru verksmiðjuframleiddir, úr áli eða ál/tré með slitinni kuldabrú.

Gler:

Glerið skal vera tvöfalt einangrunargler og hafa einangrunargildi allt að U= 1.7 W/m2 K.

Útihurðir:

Allar útihurðir í inngöngum og í flóttaleiðum eru málmhurðir.

Innkeyrsluhurðir eru rafdrifnar af vandaðri gerð úr stáli með polyurethane einangrunarkjarna og gluggum með rispufríu gleri að hluta. Innkeyrsluhurðir þurfa að þola tíðar opnanir og lokanir og möguleiki að vera með sjálfvirka opnun t.d. með segul í malbiki.

Skilti:

Bygginginguna má merkja með skiltum. Einnig má koma fyrir leiðbeiningarskiltum á lóð.

Sorp:

Staðsetning sorps kemur fram á afstöðumynd. Allt rusl verður flokkað. Eitt sorpgerði verður á lóðinni. Í hvern gám verða eftirfarandi efni flokkuð: Timbur, pappír, málmar, plast, og spilliefni.

Bílastæði:

Á uppdráttum eru skilgreind 32 stæði fyrir fólksbíla, þar af 1 fyrir hreyfihamlaða.

Lóðarfrágangur:

Teiknistofan Storð ehf hannar lóð.

Við hönnun lóðarinnar er lögð áhersla á að hafa aðkomur og merkingar skýrar, sem veita góða yfirsýn fyrir viðskiptavini. Útilýsing, sjá raflagnahönnun síðar. Við úrlausn á hæðarlegu lóðar er notast við gróðurfláa. Öll hæðarlega og hæðarsetning miðast við að falla vel að umhverfinu.

LAGNIR:

Hita og hreinlætislagnir eru unnar af TÓV Verkfræðistofu ehf.

Inntakksskápar:

Inntaks skápar fyrir vatns og raflagnir verður á 1. hæð. Þar verða tengigrindur fyrir hita og neysluvatnskerfil, og rafkerfi.

Fráveitulagnir

Lagðar verða tvöfaldar lagnir í jörðu annars vegar skólplagnir og hins vegar regnavatnslagnir. Niðurföll verða í aðal vinnusal hússins. Þerrilögn er lögð umhverfis húsið til að taka á móti jarðvatni. Frárennsli frá vinnusal verður eftir þörfum leitt í gegnum sand- og olíuskilju áður en það fer í kerfi bæjarins. Olíuskiljan er með tilheyrandi vöktun og búnaði sem þarf til að uppfylla reglugerðir. Úrgangsolía fer í úrgangsgeymi sem staðsettur er neðanjarðar utan við bygginguna. Úrgangs geymirinn er með tilheyrandi vöktun og búnaði sem þarf til að uppfylla reglugerðir.

Hitakerfi

Byggingin verður hituð upp með loftapanelum og eða blásurum. Einnig getur loft verið hitað upp frá loftræsikerfi.

Neysluvatnskerfi

Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskipti, hámarkshitastig er 60°C.

Snjóbræðslukerfi

Snjóbræðsla verður sett í gangstéttir við vesturgafl húss, í stæði fyrir fatlaða og að hluta fyrir framan innkeyrsluhurðar skv. tillögum aðalhönnuðar. Snjóbræðsla nýtir affall hússins og er með viðbótar í gjöf frá hitaveitu. Nánari vinnsla á þessu verður unnin eftir kröfum væntanlegrar starfsemi í húsinsu.

Lagnir

Lagnaleiðir eru við loft, í léttum innveggjum og sýnilegar utan á veggjum.

Loftræsikerfi

Byggingin verður loftræst samkvæmt byggingareglugerð. Nánari útfærsla á kerfinu verður unnin samkvæmt væntanlegri starfsemi í húsinu.

Olíuskiljur

Hönnun gerir ráð fyrir að hægt sé að setja upp olíuskiljur (neðanjarðar) ef starfsemi hússins kallar á það.

Úrgangsolíugeymir

Hönnun gerir ráð fyrir að hægt sé að setja upp úrgangsolíugeymi við húsið (neðanjarðar) ef starfsemi hússins kallar á það.

RAFKERFI:

Heimtaug og stofnlagnir: Mælir og inntak er í aðaltöflu hússins sem er staðsett í tækni skáp á 1. hæð.

Lagnaleiðir: Raflagnir eru að meginhluta í aðgengilegum netbökkum. Megin lagnaleiðir verða settar ofarlega og tekið tillit til búnaðar sem kemur í loft svo sem mögulegt loftræsi- og lagnakerfi. Raflagnir í vinnusal verða utanáliggjandi lagnir í stokkum/rörum. Í steyptum veggjum verða utanáliggjandi lagnir eftir því sem við á. Nánari útfærsla á rafkerfi hússins verður úrfærð í samráði við hönnunarstjóra og forsvarsmann væntanlegrar starfsemi í húsinu.

Innbrotaviðvörunarkerfi: Innbrotaviðvörunarkerfi verður í byggingunni og verður það útfært nánar í samráði við hönnunarstjóra og forsvarsmann væntanlegrar starfsemi í húsinu.

HLJÓÐVIST

Fyrir nýbyggingu við Norðurhellu 11 munu kröfur til hljóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum ÍST 45:2016, Hljóðvist - Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, vera uppfylltar. Horft er til kafla 11-18 í staðlinum, en í þeim eru skilgreindar sérstaklega kröfur til skrifstofa og atvinnuhúsnæðis.

Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna. Gólfefni og undirlag verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði, í samræmi við hönnun lagnahönnuða. Nánar er greint frá hljóðhönnun byggingarinnar í í verklýsingum arkitekta, rafmagnshönnuða og lagna- og loftræsihönnuða.

TÁKN:

REI-60	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
REI-90	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
EI2-30/60-CSm	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
EI-30	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
E-30	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
REI120-M	BRUNAMÓTSSTAÐA VIÐKOMANDI BYGGINGARHLUTA
R	REYKSKYNJARI
BO	BJÖRGUNAROP
LR	LOFTRÆSTING
GN	GÓLFNIÐURFALL
	ÚT OG NEYÐARLÝSING
	BRUNASLANGA
RL	REYKLOSUN
R.w dB	GILDI LOFTHLJÓÐEINANGRUNAR
RAFHL.	MÖGULEIKI Á RAFHLEÐSLU

Samþykkt þann
18. MAR. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 20-222) í febrúar 2020 fyrir Norðurhellu 11, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, gr. 9.2.2. liður a.
Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin verður í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð en um að ræða ótilgreinda verslunar- og þjónustustarfsemi. Reiknað er með hámarksbrunaálagi 1600 MJ/m2 og vörum í flokkum I-IV skv. ÍST EN 12845. Ef um aðrar forsendur verður að ræða þarf að brunahanna það sérstaklega.

Brunahólfun
Húsið er eitt meginbrunahólf, um 450 m2.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60/R90 (steinsteypt).
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60 (holplötur).

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhússklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G (Cfl-s1).
Utanhússklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-d0)
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Frá rýminu eru sex flóttaleiðir beint út.
Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".

Öryggiskerfi
Öryggiskerfi verður í húsinu með a.m.k. einn reykskynjara fyrir hverja 80 m2.
Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðar.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 eru í byggingunni skv. teikningu. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur, t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflu. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 0,5 lux í sal og salerni fyrir fatlaða.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er góð kringum húsið. Reiknuð slökkvivatnsþörf miðað við lager er um 2600 l/mín og þarf brunahani að afkasta a.m.k. því vatnsmagni.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusannningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (öryggiskerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Norðurhellu 11, Hafnarfirði.

Sh 17.3.2020
HEILBRIGÐISEFTIRLIT HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Valdís Jónsson

17.03.2020
SAMÞYKKT TÖFLUÚTGÁFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Gj kallað á gögnin á
J ásqqsuðk Þkkmskjavn a
GQHcqqj xqqcqvK W
Nkkwkvcvnf qf sqqj xqqsuðk
K Nkkvwkcvnf qf sqqj ríf
Z hqkqqkqqjríf hdcqqjf
r qqkqqsqqc qqqqkqqk
hqkqqqqkr qqqqQc ewqqqk
r qqqqqj f r p
Uhdvf qqkqqq Nkkhtkcvnf qf
F Nkkvkqqf kqqqqqqr
Qf hdqqqnf
Gcwqk 6 0 3 0 3 0 0 K 3 0 4 0 4 0 3 j

mansard
teiknistofa ehf
Síðumúla 23 - 108 Reykjavík
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079

Verkheiti: NORÐURHELLA 11 - HAFNARFIRÐI		
Efni: AÐALUPPDRÁTTUR AFSTÖÐUMYND - BYGGINGARLÝSING		
Verknúmer: A-19-10-04	Mkv.: 1:500	A1
Teikn. nr.: A-01	Dags.: 26.02.2020	
Hannað: JHH	Teiknað: JHH	
Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur Kt.: 260662-6519 - s: 862-7102		
Samþykkt:		